

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Reykjavík, 3. júlí 2023
UST202306-335/B.S.
10.04.02

Efni: Lýsing- aðalskipulag - Nýtt veiðihús í landi Hofsa við Hofsa. Umsögn

Vísað er til erindis Vopnafjarðarhrepps dags. 22. Júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.

Fyrirhugað er að reisa nýtt veiðihús ásamt starfsmannabyggingu alls um 1.300 m² og efnistöku alls 6.000 m³ sem tekið verður úr nærliggjandi námum sem eru ekki á aðalskipulagi. Skipulagssvæðið einkennist af þurrum malarkömbum.

Umhverfisstofnun telur að helsta áskorun varðandi mannvirkjagerð af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir felist í að koma mannvirkjum vel fyrir í landi þannig að þessar byggingar verði ekki yfirþyrmandi einkenni í landinu.

Auðvelt á að vera að ganga frá efnistökusvæðum sem nýtt verða og ætti að leggja áherslu á að frágangur þeirra verði „endanlegur“ því langur tími getur liðið þar til þörf verður á slíku magni af efni á svæðinu.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við lýsingu aðal- og deiliskipulags.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir,
sérfræðingur